

## T I L L A G A

til þingsályktunar um útgáfu sálmabókar þjóðkirkjunnar árið 2017  
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2016 samþykkir að gefin verði út ný sálmabók árið 2017, samkvæmt þeim tillögum biskups Íslands sem fyrir kirkjuþingi 2016 liggja.

### *Athugasemdir með tillögu þessari*

Biskup Íslands skipar sálmabókarnefnd. Núverandi nefnd var skipuð sumarið 2004 og var Einar Sigurbjörnsson skipaður formaður hennar. Auk hans starfa nú í nefndinni Arngerður María Árnadóttir, organisti, Guðný Einarsdóttir, kantor, sr. Hjörtur Pálsson, Hörður Áskelsson, kantor, sr. Jón Helgi Þórarinsson, sr. Kristján Valur Ingólfsson og dr. Margrét Eggertsdóttir. Einnig starfa með nefndinni Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Jón Ólafur Sigurðsson og Margrét Bóasdóttir. Frá ársbyrjun 2016 hefur Jón Helgi Þórarinsson verið starfandi formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur unnið að heildarendurskoðun sálmabókarinnar, en hún er frá árinu 1972. Á tímabilinu hafa komið út þrjár viðaukar við sálmabókina, 1991, 1997 og 2013.

Eins og fram kemur í Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkti árið 2009, er sálmabókin ein af grunnstoðum í helgihaldi og boðun kirkjunnar. Í sálmum og bænum sálmabókarinnar er fjársjóður trúararfsins og þar er að finna reynsluheim trúarinnar, reynslu einstaklinga og safnaða af samleið sinni með Guði.

Sálmabókarnefnd hefur tekið saman hver er sá grundvöllur sem hún hefur byggt starf sitt á sem og þau viðmið sem hún fylgt. Skjalið fylgir hér með og þar segir m.a: Sálmabók þjóðkirkjunnar 2017 stendur á grunni sálmahefðar kristinnar kirkju á Íslandi frá upphafi kristnisögunnar, byggist á endurnýjun sálmasöngs siðbótarinnar og á hefð hinnar almennu evangelísk-lútersku kirkju í heiminum, játningum hennar og viðtekinni túlkun heilagrar ritningar. Sálmur sem tekinn er í sálmabók þjóðkirkjunnar þarf í senn að samrýmast kenningu þjóðkirkjunnar sem evangelísk-lúterskar kirkju og svara kröfum um skiljanleika í þeim samtíma sem hann talar til. Sálmur sálmabókarinnar 2017 miðast fyrst og fremst við að vera ætlaðir til almenns söngs á samkomum safnaðanna. Sálmabókin skal einnig vera lesbók, til bænagjörðar og íhugunar, á heimili, stofnunum, vinnustöðum og á ferð, og hvar sem er í daglegu lífi kristins manns. Því er fyrsta vers hvers sálms undir nótum en síðan er sálmurinn prentaður sem ljóð til lestrar. Um uppsetningu og útlit nýrrar sálmabókar hefur nefndin einkum haft norsku og þýsku sálmabækurnar til hliðsjónar. Samhliða útgáfu sálmabókarinnar verður tekin saman sálmasöngsbók með undirleik, útsetningum og textum og einnig undirleiksbók með hljómunum. Horft er til þess að koma á fót sálmasarpi á vefnum þar sem sálmur og útsetningar verða aðgengilegar.

Samkvæmt 20. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 verða samþykktir um kenningarleg málefni, guðsþjónustuhald, helgisíði, skírn, fermingu og altarissakramenti að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi. Kynning á nýrri sálmabók fór fram prestastefnu 2016 og var gerður góður rómur að vinnu sálmabókarnefndar og drögum að nýrri sálmabók. Í samræmi við ofangreind lög óskar biskup Íslands, í samráði við sálmabókarnefndina, staðfestingar og samþykktar kirkjuþings á útgáfu þeirri sem sálmabókarnefnd hefur unnið að og hér er kynnt. Kirkjuráð hefur veitt fjárheimild til útgáfu sálmabókarinnar fyrir árið 2015, 2016 og 2017, sem er í samræmi við áætlun sálmabókarnefndar. Fjárhagsáætlun sálmabókarnefndar fylgir málinu. Var hún unnin í samstarfi við Skálholtsútgáfuna sem mun annast útgáfu bókarinnar. Jafnframt fylgir listi yfir þá sálma sem nefndin hefur komið sér saman um að leggja til við biskup Íslands að verði í sálmabókinni og sem biskup Íslands hefur samþykkt og leggur fyrir kirkjuþing. Auk sálma verður hefðbundið ítarefni í sálmabókinni, s.s. bænabók, messuformið, umfjöllun um athafnir kirkjunnar, leiðbeiningar við val á sálmum og höfundaskrár.

Biskup Íslands og sálmabókarnefnd telja vel við hæfi að ný sálmabók komi út á 500 ára afmæli siðbótarinnar. Almenn þátttaka safnaðarins í guðsþjónustunni var eitt af stóru baráttumálum siðbótarmannsins Lúters og í því skyni jók hann mjög vægi sálmsins í helgihaldinu.

Ef kirkjuþing samþykkir að gefa út nýja sálmabók haustið 2017 er mikilvægt að kynning á bókinni hefjist strax í ársbyrjun 2017. Útgáfa nýrrar sálmabókar gefur þjóðkirkjunni og söfnuðum landsins tækifæri til að fjalla um mikilvægi safnaðarsöngsins og auka þátttöku safnaðarins í guðsþjónustunni.

Horft er til þess að útgáfudagur sálmabókarinnar verði á siðbótardaginn, 31. október 2017.